


Jákvæðni boðorðin 12

Þjálfun í jákvæðri framkomu og samskiptum fyrir fullorðna



1 Gleði er starfslýsing

Við höfum val á hverju augnabliki um hegðun okkar, framkomu og líðan og vinnugleði er alltaf valkostur.

2 Heimilið skilið eftir

Aðgreinum einkalífið frá hlutverki okkar í skólanum og berum engan farangur á milli.



3 Þátttaka með börnum

Hreyfing, hlátur og söngur eykur taugafræðilega vellíðan, þ.e. eykur flæði vellíðunarefna heilans; ástundum allt sem hjálpar okkur að halda gleðinni.



4 Fallegu orðin

Ástundum vandaða og jákvæða orðanotkun og leitum í orðasafn skólans, bætum nýjum og ígrund- uðum hugtökum í safnið til að forðast að jákvæðu orðin verði að innantómum klisjum.

5 Hljáa gagnvart öðrum

Veitum öðrum og öðru jákvæða athygli og viður- kenningu sem beinist að athöfnum og öðru því sem hægt er að stýra en notum ekki innantómt hrós eins og ofgnótt af útlitshrósi.

6 Enga kaldhæðni

Hlæjum aldrei að fólki, hvorki stóru né smáu, heldur hlæjum með – þarna er eðlismunur fyrir hendi. Kaldhæðni er dulbúið neikvæðni- vopn sem á ekki heima innan friðhelgi leikskólans.

7 Skýr skilaboð

Skýr skilaboð í samskiptum og 100% skýr vinnuferli og boðleiðir, munum að enginn les hugsanir annarra.



8 Tölum beint en ekki bak

Segjum ekki meira um aðra en við segjum við aðra en ástundum hreinskiptni af ábyrgð, kjörnum hvað kemur mér við og hvað ekki og aðgát skal höfð í nærveru sálar.



9 Ekki segja ekki

Ekki segja ekki sem eru neikvæð stöðvunar- skilaboð, heldur segjum heiðarlega hvað við viljum að gerist þess í stað. Setjum skýr mörk fyrir okkur sjálf og ekkert píslarvætti.

10 Fögnum leiðréttingum

Tökum ábendingum jákvætt án þess að fara í vörn og getum tekið nei-i án þess að líta á það sem persónulega höfnun.

11 Ólíkir veruleikar

Horfum á aðrar hliðar á málum en okkar eigin og munum að enginn einn veruleiki er til sem hinn eini sanni, þeir eru í höfði hvers og eins og því eins margir og fólkið sem kemur að málum.

12 Væntum og hugsum fallega

Ætlum öðrum það besta við allar aðstæður en ekki hið versta. Væntum líka alltaf alls hins besta fyrir okkur. Það eru allar líkur á að við öðlumst það sem við höldum að við fáum.

